

408. fundur
Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
fimmtudaginn 12. nóvember 2009 og hófst hann kl. 20:00

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. 0911019 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Fundargerð 74. fundar þann 30. október

Samkvæmt umræðum um fjárhagsáætlun eftirlitsins var oddvita falið að afla nánari upplýsinga.

2. 0911015 - Hafnasamband Íslands. Fundargerð 354.stjórnarfundar dags. 2.nóvember 2009.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps tekur heilshugar undir ályktanir stjórnar hafnasambandsins, þar er um að ræða gífurleg hagsmunamál fyrir hafnir landsins.

3. 0911014 - Fundargerð 768.fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

4. 0911016 - Heimili og skóli. Átak gegn einelti t.póstur dags. 9.nóv.2009

Ákveðið að styrkja verkefnið með 10.000.- samþykkt einróma.

5. 0911011 - Göngustígur meðfram Strandgötu milli Hrafnadalsvegur og Hólsár.

Ákveðið að hafa samband við Orkubúið og fara fram á aukna lýsingu á svæðinu, síðan verði gert ráð fyrir fjármunum til úrbóta á þessari leið við gerð fjárhagsáætlunar. Samþykkt einróma.

6. 0910080 - Rekstrarleg áhrif af sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, kynning á skýrslu Halldórs Karls Hermannssonar

Til máls tóku EIS, BGG, GÓ, BB og BG. Hreppsnefnd leggur til að skýrslan verði kynnt á íbúáþingi sem haldið verður þann 21. nóv. nk. Samþykkt einróma.

7. 0910079 - Fjárhagsáætlun 2010

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, oddviti fór yfir vinnu og lykiltölur vegna fjárhagsáætlunar 2010. Hreppsnefnd samþykkir framlögð drög að fjárhagsáætlun 2010 og vísar henni til frekari yfirferðar hjá oddvita, deildarstjórum og íbúum á íbúðingum þann 21. nóvember n.k. og til síðari umræðu í hreppsnefnd sem áætlað er að fari fram í desember. Samþykkt einróma.

8. 0910078 - Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2009

Lögð er fram breyting á samþykktri áætlun sem hér segir :
Samtals tekjur sveitarsjóðs og B-hluta stofnana hækka sem nemur kr. 18.050.- milljónum, en samtals gjöld sveitarsjóðs og B-hluta stofnana hækka sem nemur kr 33.916.- milljónum.
Í endurskoðaðri fjárhagsáætlun er rekstrarniðurstaðan lakari sem nemur 15.866 milljónir kr. en í upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir 7.595 millj. kr. halla, en í framlagðri endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir 23.461 milljón kr. halla. Oddvitar listanna staðfesta breytinguna með undirskrift.

Í endurskoðun er leitast við að færa inn þá liði sem hafa verið samþykktir í hreppsnefnd og liðir sem greinilega hafa verið ranglega áætlaðir. Umframkeyrslur eru uppfærðar. Í tengslum við samþykktu endurskoðaða fjárhagsáætlun 2009 er lagt fram rekstraryfirlit, sjóðsteymisyfirlit og efnahagsyfirlit í samræmi við samþykktar breytingar sem oddvitar staðfesta með undirskrift. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009 lögð fram með áorðnum breytingum, borin upp til atkvæða og samþykkt með greiddum atkvæðum.

9. 0910076 - Jón Örn Pálsson. Beiðni um beitarhólf fyrir hross í landi Tálknafjarðarhrepps

Hreppsnefnd samþykkir að veita umsækjanda leyfi til beitar fyrir að hámarki 5 hross í nokkrar vikur fyrri hluta sumars 2010. Oddvita falið að ganga frá samningi með dagsetningum í samráði við umsækjanda. Vakinn er athygli á því að vinna stendur yfir við gerð samþykktar um búfjárhald í Tálknafjarðarhreppi. Samþykkt samhljóða.

10. 0910068 - Þóroddur ehf. Fyrirspurn vegna umsóknar um fiskeldi í eldiskvíum í Tálknafirði

Hreppsnefnd er fylgjandi áformum Þórodds ehf um aukið fiskeldi í sjókvíum í Tálknafirði, formlegt erindi skipulagsstofnunar liggur fyrir fundinum, sjá 11. tölulið hér á eftir. Samþykkt samhljóða.

11. 0911018 - Skipulagsstofnun. Framleiðsla á 3.000 tonnum af laxi í sjókvíum, beiðni um umsögn

Hreppsnefnd samþykkir að leitað verði eftir aðstoð Landmótunar sf vegna umsagnar svitarfélagsins, þar sem Landmótun sf vann aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps, sem gildir 2006-2018. Oddvita falið að svara erindinu með fulltingi Landmótunar sf. Samþykkt einróma.

12. 0911022 - Alþingi nefndarsvið. Umsögn um frumvarp til laga um persónukjör

Lagt fram til kynningar.

13. 0911024 - Særöst ehf. Nýting affalls, bréf dags. 10.nóvember

EIS og BB viku af fundi. Erindinu frestað vegna vafa um ákvæði samnings, sbr. 6. grein. Varaoddvita falið að fá úrskurð og málið tekið fyrir á næsta fundi.. Samþykkt með 3 atkvæðum.

14. 0911025 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Minnisblað um fjárlagafrumvarp 2010

Lagt fram til kynningar.

15. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Oddviti fór yfir dagskrá fyrirhugaðs íbúapings. Lagður fram nýr samningur við Intrum, dags. 6. okt. 2009. Áhugaverð ráðstefna vatnavina verður í Bjarnarfirði, nk.mánudag og þriðjudag og er óskað nærveru fulltrúa Tálknafjarðarhrepps.

16. 0911020 - Landsnet. Kerfisáætlun 2009, Afl- og orkujöfnuður 2012/13

Lagt fram til kynningar.

17. 0911021 - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.Framlög 2009

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 23:00

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____